

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1662
komudagur 27.4.2005

Samgöngumálanefnd Alþingis
Hr. Guðmundur Hallvarðsson formaður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: *Umsögn um þingsályktun vegna samgönguáætlunar 2005 –2008*

Sameiginlegur fundur oddvita og sveitarstjóra í uppsveitum Árnessýslu, Bláskógabyggðar, Grímsnes-og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða-og Gnúpverjahrepps mánudaginn 26. apríl 2005 samþykkir eftirfarandi bókun vegna samgöngumála í uppsveitum Árnessýslu.

Sveitarstjórnirnar eru sammála um að samgöngumál sveitarfélaganna séu grundvallaratriði í búsetu og þróun byggðar og atvinnuuppbyggingar í sveitarfélögunum. Samgöngubætur á þessu svæði eru einnig grundvallarforsenda viðræðna um sameiningu sveitarfélaganna.

Fundurinn krefst þess að unnið sé að úrbótum á tengivegum sveitarfélaganna og að til þess komi aukið fé og um verði að ræða markvissari og varanlegri aðgerðir m.a. með lagningu bundins slitlags. Tengivegir eru mikið notaðir í sveitarfélögunum m.a. til aksturs skólabarna en foreldrar gera mikla kröfu um gæði vega og tengja það við búsetu. Viðhald og uppbygging safn- og tengivega hefur verið í lágmarki og þarf að auka verulega.

Lagning Gjábackavegar og brú yfir Hvítá er forsenda þess að hægt sé að mynda heilsteypt þjónustu og atvinnusvæði í uppsveitum Árnessýslu og því er það sérstakt ánægjuefni að nú liggur fyrir fjármagn vegna lagningu Gjábackavegar.

Brú yfir Hvítá er næsta stórverkefni í þessum sveitarfélögum og eru 180 millj. ætlaðar í hana á árunum 2007-2008. Sveitarfélögin óska eftir upplýsingum frá samgöngunefnd hvenær vænta megi lokafjármagns vegna brúarsmiðinnar en allar væntingar íbúa og sveitarfélaganna eru í samræmi áætlun samgönguáætlunar og að hægt verði að aka yfir brúna í síðasta lagi á árinu 2009.

Þó eru bundnar væntingar um að þetta megi klára fyrir ef nýtt fjármagn fæst til að ljúka framkvæmdum fyrir.

Virðingarfyllst,

f.h. sveitarfélaganna

Ragnar Sær Ragnarsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar